

Reykjavík, 8. desember 2025.

Umsögn Mannréttindastofnunar Íslands um frumvarp til laga um brottfall laga um Heyrnar- og talmeinaastöð, nr. 42/2007, þskj. 310, 238. mál.

Í greinargerð með frumvarpinu segir að markmiðið með brottfalli gildandi laga sé að tryggja stjórnvöldum svigrúm til að skýra heildarskipulag heyrnar- og talmeinaþjónustu og tryggja heyrnarlausum, heyrnarskertum og einstaklingum með heyrnar- og talmeinaþjónustu á réttu þjónustustigi af viðeigandi sérfræðingum, tryggja góða og samfellda þjónustu, efla samvinnu fagfólks, stuðla að framþróun þjónustunnar og ná fram samlegðaráhrifum og hagkvæmni.

Mannréttindastofnun Íslands fagnar því að unnið sé að því að efla þjónustu fyrir ofangreindan hóp einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu. Hins vegar vekur stofnunin athygli á mikilvægi þess að tryggja að engin skerðing verði á þjónustu og að nýtt heildarskipulag heyrnar- og talmeinaþjónustu sé að fullu tilbúið áður en Heyrnar- og talmeinaastöð Íslands (HTÍ) er lögð niður.

Mikilvægt er að tryggja fötluðu fólki samfellda, heildstæða og einstaklingsmiðaða þjónustu, eins og endurspeglast m.a. í landsáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024 til 2027 Samkvæmt lögum nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, eiga einstaklingar með fötlun rétt á þjónustu sem styður sjálfstætt líf, virkni og þátttöku í samfélagi. Þjónusta vegna heyrnarskerðingar, samþættrar sjón- og heyrnarskerðingar og talmeina þarf því að vera einstaklingsmiðuð, aðgengileg á landsvísu og tryggð með lögum. Að fella niður HTÍ án þess að tryggja fullbúna nýja skipan þjónustu getur skapað rof sem stangast á við fyrrnefnd lög og skuldbindingar Íslands samkvæmt 4. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF).

Að mati Mannréttindastofnunar Íslands þarf sérstaklega að tryggja að þjónusta sé aðgengileg á öllum stigum heilbrigðiskerfisins. Auk þess er mikilvægt að tryggja fræðslu á öllum stigum, svo heilbrigðisstarfsfólk, skólaþjónusta og félagsþjónusta séu meðvituð um samþætta sjón- og heyrnarskerðingu, heyrnarleysi og talmein og geti vísað einstaklingum áfram í rétt úrræði.

Mannréttindastofnun Íslands hvetur til þess að hugað verði sérstaklega að réttindum fatlaðs fólks samkvæmt SRFF við heildarskipulag heyrnar- og talmeinaþjónustu. Má í því sambandi m.a. benda á 9. gr. um aðgengi að þjónustu, 19. gr. um réttinn til sjálfstæðs lífs, 24. gr. um menntun með nauðsynlegum stuðningi, 25. gr. um heilbrigði og 26. gr. um hæfingu og endurhæfingu. Enn fremur þarf að tryggja fjölbreyttar tjáskiptaleiðir, þar á meðal táknmál, snertitáknmál, haptic-túlkun, ritað mál og blindraletur, sbr. m.a. 21. gr. SRFF.

Mannréttindastofnun Íslands tekur undir ábendingar sem fram hafa komið í umsögnum annarra hagaðila og leggur áherslu á að:

1. Nýtt skipulag þjónustu verði að fullu tilbúið áður en HTÍ er lögð niður.
2. Þjónusta verði tryggð á öllum stigum heilbrigðiskerfisins og á öllum æviskeiðum.
3. Breytingar verði gerðar á lögum um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra og Sjónstöðina til að tryggja samþætta þjónustu og koma í veg fyrir rof.
4. Aðgengi að þjónustu verði tryggt á landsvísu og að þjónusta skerðist ekki.
5. Fræðsla verði veitt öllum fagaðilum sem koma að þjónustunni, óháð stigi heilbrigðiskerfisins.
6. Hagsmunasamtök, þar á meðal Félag heyrnarlausra, Heyrnarhjálp, Fjóra – félag fólks með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu og samtök fólks með talmein, taki virkan þátt í áframhaldandi mótun þjónustunnar.